

GJALDSKRÁ OG REGLUR

fyrir símaþjónustu í einkarétti.

(Virðisaukaskattur, 24,5%, er innifalinn).

Gildir frá 1. júní 1996.

I. KAFLI

Talsími.

1. Stofngjald.

- 1.1. Fyrir hvert númer í símsstöð og línu kr. 10 645,00
Stofngjaldið miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutað-
eigandi símsstöð og greiðist við pöntun. Aukagjald greiðist, þegar sími er tengdur í
hús, sem er meira en 50 metra frá aðaljarðsímum.

Utan þeirra marka greiðist aukagjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til
hlutaðeigandi notanda. Aukagjald er ákveðið af Póst- og símamálastofnuninni hverju
sinni.

Ekki greiðist aukagjald vegna eins síma á hverja ábýlisjörð sem er í ábúð allt árið.
Póst- og símamálastofnunin setur reglur um tengingar og lagnir fyrir notendabúnað.

2. Afnotagjald.

Fast afnotagjald greiðist ársfjórðungslega fyrirfram. Verði almenn breyting á
afnotagjaldi frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrirfram fá leiðréttingu
með síðari afnotagjaldsreikningi.

Ársfjórðungsgjaldið fyrir númer í símsstöð og línu er kr. 1 382,00 fyrir heimili og
kr. 2 764,00 fyrir verslunar- eða atvinnusíma.

Þegar notandi er utan samfelldrar þéttrar byggðar og fjarlægð frá almennu jarðsíma-
notendakerfi er yfir 500 metrar er greitt fyrir viðhald sérlagnarinnar skv. reikningi.
Þetta gildir ekki þegar um er að ræða ábýlisjörð sem er í ábúð allt árið.

Í ársfjórðungsgjaldinu er innifalinn sjálfvirk notkun fyrir kr. 1 328,00 (400 skref),
nema þar sem notendafjöldi er yfir 20 000 á sama gjaldsvæði, þar er notkun fyrir
kr. 664,00 (200 skref) innifalinn í fastagjaldinu. Fyrir umframnotkun greiðist
samkvæmt II. kafla eða sérstökum ákvæðum um aðrar þjónustugreinar. Þegar fleiri
en ein lína eru tengdar sama uppkallsnúmeri (PBX-tenging) miðast innifalinn notkun
við þann línufjölda sem greitt er fyrir.

3. Einkasímsstöðvar og sérbúnaður.

Eigendur einkasímsstöðva geta fengið úthlutað númerum úr almenna talsímanetinu
fyrir notendur einkasímsstöðvanna og fá jafnframt möguleika á beinu innvali inn í
þær.

Einkasímsstöð getur verið tengd við almenna símakerfið annað hvort með einum eða
fleiri 2 Mb/s straumum eða venjulegum tallinum.

3.1. Innval.

3.1.1. Stofngjald fyrir innvalið er kr. 163 499,00 fyrir hverja einkasímstöð, sem tengist við almenna talsímanetið.

Ef margar einkasímstöðvar eru samtengdar í einkaneti greiðist stofngjaldið fyrir hverja stöð, sem tengist beint við almenna kerfið.

3.1.2. Ársfjórðungsgjald fyrir innvalið er kr. 82,00 fyrir hvert númer í frátekinni númeraröð, sem verður að vera heilt margfeldi af 100.

3.1.3. Ef einkasímstöð tengist við almenna símakerfið með venjulegum tallinum er greitt fyrir þær línur stofngjald og afnotagjald eins og fyrir atvinnusíma samkvæmt 1. og 2. grein, en fjöldi lína skal vera heilt margfeldi af 10. Ef einkasímstöð tengist hins vegar við almenna símakerfið með 2 Mb/s sambandi greiðist fyrir hvert samband stofngjald og afnotagjald eins og fyrir 20 tallínur, þ.e. stofngjald kr. 212 840,00 og ársfjórðungsgjald kr. 55 200,00. Þeir notendur, sem ekki vilja nýta allar 30 rásirnar í 2 Mb/s sambandinu geta fengið færri rásir virkar þó að lágmarki 12 rásir. Fyrir hverja rás greiðist þá venjuleg afnotagjöld fyrir atvinnusíma en stofngjaldið verður kr. 212 840,00. Línurnar má nota hvort sem er fyrir innval eða útval.

Í afnotagjaldinu er innifalin sjálfvirk notkun samkvæmt (I.2.) og er hún reiknuð í hlutfalli við þann fjölda afnotagjalda sem greitt er fyrir, þ.e. þegar greitt er fyrir 2 Mb/s samband er innifalin notkun miðað við 20 línur.

3.2. PBX-tenging.

Þegar fleiri en ein lína eru tengdar sama uppkallsnúmeri (PBX-tenging) skal greiða stofngjald fyrir slíka tengingu kr. 6 225,00 og að auki kr. 747,00 fyrir hverja línu í hópnum. Ef síðar er bætt við línunum í hópinn greiðast kr. 747,00 fyrir hverja línu sem bætist við.

Gjald fyrir PBX-tengingu greiðist ekki af línunum í beinu innvali. Ekkert afnotagjald er greitt fyrir þessa þjónustu.

3.3. Talningar til notenda.

Fyrir búnað í símstöð til að senda talningar til notenda greiðist kr. 629,00 á ársfjórðungi.

4. Línur tengdar einkasímstöðvum.

	Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
4.1. Línur frá einkasímstöð.		
4.1.1. Númer frá einkasímstöð á sama stöðvarsvæði. Talfæri ekki innifalið, afnotagjald sjá VII. kafla	8 927,00	
4.1.2. Númer frá einkasímstöð á aðliggjandi stöðvarsvæði (Rvík). Talfæri ekki innifalið	8 927,00	8 491,00
4.1.3. Númer frá einkasímstöð út fyrir aðliggjandi stöðvar- svæði (Rvík). Talfæri ekki innifalið	8 927,00	12 139,00
4.2. Þverlínusambönd.		
4.2.1. Þverlínusamband milli einkasímstöðva á sama stöðvar- svæði. Endabúnaður greiðist skv. reikningi	8 927,00	7 370,00
4.2.2. Þverlínusamband milli einkasímstöðva á aðliggjandi stöðvarsvæðum (Rvík). Endabúnaður greiðist skv. reikningi	8 927,00	9 219,00
4.2.3. Þverlínusamband milli einkasímstöðva, sem eru ekki á aðliggjandi stöðvarsvæðum (Rvík). Endabúnaður greiðist skv. reikningi	8 927,00	11 056,00
4.2.4. Fyrir 2 Mb/s þverlínusamband milli einkasímstöðva greiðist 18 falt gjald sbr. 4.2.1.-4.2.3. Gildir aðeins þegar 2 Mb/s straumur tengist einkasímstöð beint.		

5. Flutningsgjald.

Flutningsgjald fyrir hvert númer kr. 5 322,00

Flutningsgjald greiðist að fullu, þó sími sé fyrir í húsi sem flutt er í.

Flutningsgjöld fyrir annan búnað eru samkvæmt kostnaði. Sé sími fluttur innan eins árs má lækka flutningsgjaldið í allt að kr. 3 393,00.

6. Viðtökugjald, gjald fyrir númeraskipti og geymslugjald.

Flytji aðili í húsnæði og taki samtímis við símaréttindum eldri rétthafa, sem afsalar sér réttindum til hans eða hættir að vera rétthafi, án breytinga á símalögn er gjaldið kr. 5 976,00. Viðtökugjald lækkar í kr. 1 064,00 af heimilissíma þegar barn, barnabarn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini og maka þeirra.

Þegar nýr lögaðili tekur við fleiri en einu númeri er gjaldið kr 5 976,00 fyrir fyrsta númer en kr. 249,00 fyrir hvert númer umfram eitt. 2 Mbit/s tenging skoðast í þessu tilfelli sem 30 númer.

Ekki greiðist viðtökugjald þegar ábúendaskipti verða á ábýlisjörðum sem eru í ábúð allt árið.

Óski símnótandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 2 129,00.

Fyrir makaskipti á símanúmerum án nokkurra breytinga á búnaði og lögn skal hvor aðili greiða hálf tölubúnað sbr. 5. hér að framan.

Aldrei er heimil viðtaka nema nýi rétthafinn sækji um skriflega og taki jafnframt að sér að greiða allar áfallnar og áfallandi gjaldskuldir vegna yfirtekinna símaréttinda. Á sama hátt ber nýjum rekstraraðilum að sækja skriflega um viðtöku símaréttinda, þegar aðilaskipti verða að félögum.

Hægt er að fá símanúmer geymt í allt að tvö ár gegn greiðslu eins ársfjórðungsgjalds viðkomandi númers sem greiðist í upphafi geymslutímans.

Stofnunin getur ákveðið við slit símaréttinda að viðkomandi símanúmer séu ekki til ráðstöfunar nema viðtaka símaréttindanna fari fram. Í því tilviki tekur nýi rétthafinn á sig óþægindi, sem kunna að vera því samfara að eldri rétthafinn er skráður í símaskrá.

7. Græn símanúmer.

Rétthafi græns símanúmers greiðir fyrir öll innkomandi staðarsímtöl kr. 3,32 við svar og kr. 1,66 á mínútu frá kl 08:00 til kl. 19:00 frá mánudegi til föstudags en kr. 0,83 á mínútu á öðrum tímum. Fyrir innkomandi langlínusímtöl greiðir rétthafi kr. 3,32 við svar og kr. 4,98 á mínútu frá kl. 08:00 til kl. 19:00 frá mánudegi til föstudags en kr. 2,49 á mínútu á öðrum tímum. Ef grænu númeri er vísað til útlanda greiðir rétthafi samkvæmt gjaldskrá viðkomandi lands fyrir umferð til Íslands. Notandi sem hringir úr almenna talsímakerfinu í grænt númer greiðir ekkert.

Kr.

7.1. Stofngjald fyrir þjónustuna	34 505,00
7.2. Afnotagjald fyrir þjónustuna á ársfjórðungi	13 801,00
Innhringingum í græna númerið, verður vísað yfir á önnur númer eitt eða fleiri, sem rétthafinn greiðir fyrir samkvæmt gjaldskrá.	

8. Sérþjónusta í talsímakerfinu.

Í boði eru ýmsir möguleikar fyrir notendur í talsímakerfinu og eru þeir án stofngjalds.

8.1. Allir notendur hafa aðgang að eftirtöldum þjónustum og eru þær án afnotagjalds.

- 8.1.1. Vakning. Sjálfvirk upphringing frá símsstöð á tilteknum tíma sem notandinn sjálfur ákveður. Notkunargjald er kr. 16,60 í hvert sinn.
- 8.1.2. Endurval. Síðast valda númerið er endurvalið.
- 8.1.3. Símtalspöntun. Hægt er að leggja inn pöntun ef hringt er í númer sem er á tali og verður þá sambandið sett upp þegar síminn sem hringt var í losnar. Notkunargjald er kr. 9,96 í hvert sinn sem þjónustan er notuð.
- 8.2. Um eftirtalдар þjónustur þarf að sækja sérstaklega og eru þær án afnotagjalds.
 - 8.2.1. Símtalsflutningur (hringiflutningur).
 - a) Öll símtöl flutt.
 - b) Þegar númerið er upptekið.
 - c) Þegar ekki er svarað.
Sá sem flytur símtalið greiðir fyrir það notkunargjöld samkvæmt gjaldskrá við það númer sem flutt er í.
 - 8.2.2. Símtal bíður. Tónn gefur til kynna að verið sé að reyna að ná í viðkomandi númer. Hægt er að geyma fyrri símtal meðan öðru símtali er svarað.
 - 8.2.3. Símtalavíxl. Hægt er að hringja í tvö símanúmer og skipta milli þeirra. Notkunargjöld reiknast eins og um tvö aðskilin símtöl sé að ræða.
 - 8.2.4. Þriggja manna tal. Þrír geta talast við í einu. Notkunargjöld reiknast eins og um tvö aðskilin símtöl sé að ræða.
- 8.3. Um eftirtalдар þjónustur þarf að sækja sérstaklega og greiða afnotagjald.
 - 8.3.1. Skammval. Afnotagjald fyrir hver 10 númer er kr. 190,00 á ársfjórðungi.
 - 8.3.2. Sjálfvirk hringing í fyrirfram ákveðið númer þegar lyft er af. Afnotagjald er kr. 190,00 á ársfjórðungi.
 - a) Hringing samstundis.
 - b) Hringing eftir 6 sekúndur.
 - 8.3.3. Læsing. Hægt er að velja milli margra mismunandi möguleika. Afnotagjald er kr. 190,00 á ársfjórðungi nema fyrir læsingu í Símatorg sem er gjaldfrjáls. Hægt er að vali notanda að læsa í stöð eða með lykilorði.
 - 8.3.4. Númerabirting. Fyrir að sjá númer þess sem hringir er greitt ársfjórðungsgjald kr. 190,00. Númerið sést ekki ef hringt er frá útlöndum.
 - 8.3.5. Númeraleynd. Fyrir að hindra að símanúmerið sjáist ef hringt er úr símanum er greitt ársfjórðungsgjald kr. 190,00.

9. Símatorg.

Símsvarabúnaður og annar búnaður tengdur upplýsingaveitunni er í eigu rekstrar- aðilans (SP).

- 9.1. Greitt er fyrir tengingu við almenna símakerfið á sama hátt og fyrir tengingu einkasímsstöðvar þ.e. stofngjald kr. 10 645,00 og fast afnotagjald á ársfjórðungi kr. 2 764,00. Greitt er fyrir hverja línu.
- 9.2. Fyrir hvert uppkallsnúmer er greitt stofngjald kr. 10 645,00 og fast afnotagjald á ársfjórðungi kr. 5 528,00.
- 9.3. Notkunargjald er samkvæmt fimm mismunandi flokkum þar sem bil milli skrefa- talninga er 16 sek., 12 sek., 8 sek., 5 sek. og 3 sek. Mínútagjald og skipting er eftir- farandi:

Flokkur	Mínútu- gjald kr.	Hlutur P&S kr.	Hlutur SP kr.	Hlutur SP í %
I	12,45	6,22	6,23	50,0
II	16,60	8,30	8,30	50,0
III	24,90	11,20	13,70	55,0
IV	39,84	15,30	24,54	61,6
V	66,38	21,17	45,21	68,1

Auk þessa er tekið kr. 3,32 við svar sem alltaf kemur í hlut Pósts og síma.

10. Sundurliðun símtala í talsímakerfinu.

Rétthafa í talsímakerfinu er gefinn kostur á að fá símtöl sundurliðuð á eftirfarandi hátt:

- Öll símtöl
- Öll símtöl önnur en staðarsímtöl
- Utanlandssímtöl

Í sundurliðuninni kemur fram í hvaða númer var hringt að undanskildum tveimur síðustu stöfum, hvenær var hringt, hve lengi símtalið stóð og verð þess. Ekki er greitt stofngjald fyrir þessa þjónustu.

10.1. Arsfjórðungsgjald	kr. 187,00
10.2. Gjald pr. símtal	kr. 1,25

11. Lánssímar.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja afnot af síma fyrir annað gjald en venjulegt stofngjald og fast afnotagjald. Gjaldið skal vera sem hér segir:

Lánssímagjald í allt að 3 mánuði:

Heimilissímar	kr. 4 930,00
Atvinnusímar	kr. 6 312,00

Lánssímagjald í allt að 6 mánuði:

Heimilissímar	kr. 9 860,00
Atvinnusímar	kr. 12 624,00

Uppsetningarkostnaður er ekki innifalinn.

Fyrir allt umfram 6 mánuði skal greiða fullt stofngjald auk afnotagjalda. Greitt er fyrir alla notkun, þ.e. engin notkun innifalinn í afnotagjaldi, og skal lánssímagjald greitt við úthlutun.

Ef lánssímanotandi gerist fastur notandi þá skal hann greiða 2/3 af stofngjaldi ef hann var með lánssíma í 3 mánuði en 1/3 af stofngjaldi ef hann var með lánssíma í 6 mánuði.

Ef lánssíma er breytt í almennan síma þá reiknast afnotagjald frá tengingardeggi lánssímans en menn eiga hinsvegar aðeins rétt á innifalinni notkun frá þeim degi sem lánssíma er breytt í almennan síma.

II. KAFLI

Símtalagjald.

1. Sjálfvirk símtöl innanlands.

Fyrir símtöl sem valin eru sjálfvirk er greitt samkvæmt tímamælingu. Við svar greiðast venjulega kr. 3,32 en áframhaldandi gjaldtaka fer eftir gjaldflokki og tíma sólarhrings þegar hringt er.

Ef gjaldtakan er í skrefum er verð á hverju skrefi kr. 3,32. Fyrsta talning kemur við svar en næsta talning kemur einhvern tíma á tímabili þar á eftir hvers lengd ákvarðast af gjaldflokki og tíma sólarhrings þegar hringt er. Eftir það ákvarðar gjaldflokkurinn nákvæmlega tímann milli talninga.

- 1.1. Staðarsímtöl.

Byrjunargjald.....	kr. 3,32 á símtal.
Dagtaxti.....	kr. 0,83 á mínútu (240 sek. í skrefi).
Kvöld-, nætur- og helgartaxti ...	kr. 0,41 á mínútu (480 sek. í skrefi).
- 1.2. Langlínusímtöl.

Byrjunargjald.....	kr. 3,32 á símtal.
Dagtaxti.....	kr. 4,15 á mínútu (48 sek. í skrefi).
Kvöld-, nætur- og helgartaxti ...	kr. 2,07 á mínútu (96 sek. í skrefi).

Dagtaxti gildir frá kl. 08:00 til kl. 19:00 frá mánudegi til föstudags.
Kvöld-, nætur- og helgartaxti gildir frá kl. 19:00 til 08:00 virka daga og frá kl. 19:00 á föstudegi til kl. 08:00 næsta mánudag.
- 1.3. Símtöl í NMT-farsímakerfið.

Byrjunargjald.....	kr. 3,32 á símtal.
Tímagjald	kr. 16,60 á mínútu (12 sek. í skrefi).
- 1.4. Símtöl í GSM-farsímakerfið.

Byrjunargjald.....	kr. 3,32 á símtal.
Dagtaxti.....	kr. 24,89 á mínútu (8 sek. í skrefi).
Kvöld-, nætur- og helgartaxti ...	kr. 16,60 á mínútu (12 sek. í skrefi).

Dagtaxti gildir frá 08:00 til kl. 18:00 frá mánudegi til föstudags.
Kvöld-, nætur- og helgartaxti gildir frá kl. 18:00 til 08:00 virka daga og frá kl. 18:00 á föstudegi til kl. 08:00 næsta mánudag.
- 1.5. Uppköll í boðtæki.
 - 1.5.1. Almenn boðtæki kr. 9,96 hvert boðkall (3 skref).
 - 1.5.2. Einkaboðtæki kr. 39,83 hvert boðkall (12 skref).
- 1.5.3. Stafaboðtæki.

Byrjunargjald.....	kr. 3,32 hvert uppkall.
Tímagjald	kr. 66,38 á mínútu (3. sek. í skrefi).
- 1.6. Þjónustunúmer Pósts og síma.
 - 1.6.1. Upplýsingaþjónustan í 114 og 118.

Byrjunargjald.....	kr. 3,32 á símtal.
Tímagjald	kr. 24,89 á mínútu (8 sek. í skrefi).
 - 1.6.2. Klukkan 155.

Fyrir hvert uppkall kr. 9,96 (3 skref).
- 1.6.3. Fyrir hringingar í önnur þriggja stafa þjónustunúmer er greitt samkvæmt staðartaxta en þá er greitt fyrir þjónustuna með öðrum hætti. Hér er t.d. um að ræða talsamband innanlands og við útlönd, skeytaþjónustu, bilanir og aðgang að gagnanetinu.

2. Sjálfvirk símtöl frá símaafgreiðslu.

Staðgreidd sjálfvirk símtöl frá símaafgreiðslu, viðskiptavinur velur og er þá 30% álag á venjulegt notkunargjald fyrir sjálfvirka þjónustu. Afgreiðslugjald er kr. 34,00.

3. Símtöl afgreidd um handvirkar afgreiðslur.

	Minnsta gjald kr.	Umframgjald pr. mín. kr.
3.1. Innan sama gjaldsvæðis.....	26,00	9,00
Milli gjaldsvæða.....	45,00	15,00
Við farsíma.....	75,00	25,00
3.2. Kvaðning kr. 34,00. Kvaðningargjald greiðist hvort sem náðst hefur í umbeðinn mann eða ekki.		
3.3. Afgreiðslugjald: kr. 73,00 reiknast ávallt fyrir handvirka afgreiðslu símtala. Kvaðning er ekki innifalin.		
3.4. Boðun í síma: kr. 103,00 á venjulegu útburðarsvæði símstöðva, og kr. 52,00 fyrir hvern byrjaðan km út fyrir það. Símaþóunargjald greiðist hvort sem úr símtali verður eða ekki.		
3.5. Handvirk vakning kr. 71,00. Föst vakning pr. mánuð kr. 1 195,00.		

4. Símtöl um strandarstöðvar.

Gjöld fyrir símtöl um íslenskar strandarstöðvar.

- 4.1. Radiósímtöl við skip og bíla. Minnsta gjald er fyrir 3 mínútur og umframgjald fyrir hverja byrjaða mínútu þar fram yfir.

	Minnsta gjald kr.	Umframgjald pr. mín. kr.
Tíðnisvið		
Metrabylgja (VHF)	112,00	37,00
Millibylgja (MF)	138,00	46,00
Stuttbylgja (HF)	190,00	64,00

- 4.2. Afgreiðsla við farsíma í skipi eða bíl. Minnsta gjald er fyrir 3 mínútur og umframgjald fyrir hverja byrjaða mínútu þar fram yfir.

	Minnsta gjald kr.	Umframgjald pr. mín. kr.
Tíðnisvið		
Metrabylgja (VHF)	128,00	43,00
Millibylgja (MF)	154,00	51,00
Stuttbylgja (HF)	207,00	69,00

- 4.3. Fyrir aukþjónustu að ósk símtalsbeiðanda greiðist samkvæmt 3. grein.
- 4.4. Fyrir radiósímtöl við skip til og frá útlöndum er gjaldið þannig reiknað:
- Gjald milli Íslands og hlutaðeigandi lands.
 - Afgreiðslugjald samkvæmt 4.1. og 4.2. í þessari grein.
 - Fyrir aukþjónustu að ósk símtalsbeiðanda greiðist samkvæmt 3 grein.

5. Símtalagjöld milli Íslands og annarra landa.

Þau ákvarðast eftir alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau, eins og þau eru á hverjum tíma.

III. KAFLI**Samnet (ISDN).**

Notendur geta valið um tvenns konar aðgang að samnetinu:

Með grunnaðgangi (2B+D) fá notendur tvær 64 kbit/s rásir og eina gagnarás 16 kbit/s, en með stofnaðgangi (30B+D) fá þeir þrjátíu 64 kbit/s rásir og að auki eina gagnarás 64 kbit/s.

1. Stofngjald.

- 1.1. Fyrir hverja grunntengingu kr. 26 612,00
Ef notandi breytir áskrift að almenna talsímanetinu í áskrift að samnetinu skal þó draga frá stofngjald fyrir almennan síma eins og það er hverju sinni. Ekki skal draga nema eitt stofngjald fyrir almennan síma frá fyrir hverja grunntengingu.
- 1.2. Fyrir hverja stofntengingu kr. 266 119,00
Þeir notendur sem áður hafa fengið beint innval, sem 2Mbit/s tengingu greiða hálf t stofngjald fyrir hverja tengingu sem breytt er í stofntengingu við samnetið. Ef grunntengingu er breytt í stofntengingu innan árs frá fyrstu tengingu ganga áður greidd stofngjöld upp í stofngjald fyrir stofntengingu.
- 1.3. Stofngjald fyrir ferjald sem er innbyggt í netendabúnaði er kr. 15 563,00.

Ef beðið er um samnetsþjónustu utan samfelldrar þéttrar byggðar þar sem jarðsímakerfi er ekki fyrir hendi gilda sömu reglur um aukastofngjald og tilgreindar eru í I. kafla 1.1.

2. Afnotagjald.

- 2.1. Fast afnotagjald á ársfjórðungi fyrir hverja grunntengingu kr. 6 910,00
- 2.2. Fast afnotagjald á ársfjórðungi fyrir hverja stofntengingu kr. 69 098,00
Þeir notendur sem ekki vilja nýta allar 30 rásir í stofntengingunni geta fengið færri virkar rásir, þó að lágmarki 12. Fyrir hverjar tvær rásir greiðist þá sama fasta afnotagjaldið og fyrir grunntengingu.
- 2.3. Notkunargjöld fyrir hverja B-rás eru þau sömu og fyrir samsvarandi notkun í almenna símakerfinu. Fast gjald fyrir hvert símtal er kr. 3,32 eins og í talsímanetinu og síðan kemur tímamæling sem miðast við viðkomandi gjaldflokk samkvæmt II. kafla. Fyrir hvert uppkall sem ekki heppnast milli tveggja samnetsnotenda greiðist uppkallsgjald kr. 1,66.
Ekki er nein notkun innifalin í föstu afnotagjaldi fyrir samnetið.
Ef rásin tengist við aðrar þjónustur eða net greiðast gjöld samkvæmt gjaldskrá fyrir þá þjónustu.
Notkunargjöld fyrir gagnaflutning á D-rás verða birt síðar en ekki er boðið upp á þá þjónustu í upphafi.

3. Flutningsgjald, viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

- 3.1. Flutningsgjald fyrir aðgang að samnetinu er jafnt hálfu stofngjaldi fyrir samsvarandi tengingu.
- 3.2. Viðtökugjald án númeraskipta er kr. 5 976,00 fyrir fyrsta númer en kr. 249,00 fyrir hvert númer umfram eitt. Aldrei er heimil viðtaka nema nýi rétthafinn sækir um skriflega og taki jafnframt að sér að greiða allar áfallnar og áfallandi gjaldskuldir vegna yfirtekinna símaréttinda. Á sama hátt ber nýjum rekstraraðilum að sækja skriflega um viðtöku símaréttinda, þegar aðilaskipti verða að félögum.
Stofntenging skoðast í þessu tilfelli sem 30 númer.
- 3.3. Óskir rétthafi símanúmers að skipta um númer og verði það samþykkt er gjald fyrir númeraskipti kr. 2 129,00.

4. Sérþjónusta á samnetinu.

Eftirtaldar tegundir sérþjónustu, sem boðnar eru notendum í almenna talsímanetinu, standa samnetsnotendum til boða á sömu kjörum og þar:
Símtal bíður, Viðmælandi „geymdur“, Símtalavíxl, Símtalsflutningur (öll símtöl), Vakning, Endurval, Skammval, Bein lína, Læsing og Sundurliðun símtala.

Auk þess hafa notendur samnetsins möguleika á eftirtöldum tegundum sérþjónustu til viðbótar.

- 4.1. Allir samnetsnotendur hafa aðgang að eftirfarandi möguleikum án gjalds:
 - 4.1.1. Númerabirting (CLIP).
 - 4.1.2. Flutningur tækja innanhúss eða skipt milli tækja innanhúss.
 - 4.2. Eftirtalдар þjónustur þarf að sækja um og greiða fyrir:
 - 4.2.1. Númeraleynd (CLIR). Ekkert stofngjald, en ársfjórðungsgjald er kr. 190,00.
 - 4.2.2. Undirnúmer. Ekkert stofngjald, en ársfjórðungsgjald er kr. 190,00.
 - 4.2.3. Aukanúmer. Ekkert stofngjald en ársfjórðungsgjald er kr. 190,00 fyrir hvert aukanúmer. Ef notandi vill sundurliðun notkunar á aukanúmer greiðist fyrir það eins og fyrir sundurliðun á aðalnúmeri.
 - 4.2.4. Beint innval. Fyrir þessa þjónustu greiða notendur stofngjald kr. 163 499,00. Þeir notendur sem hafa greitt stofngjald fyrir innval í almenna talsímanetinu greiða þó ekki nýtt stofngjald. Ársfjórðungsgjald fyrir beint innval er kr. 82,00 fyrir hvert númer í frátekinni númeraröð.
 - 4.2.5. Afmarkaður notendahópur.

Stofngjald fyrir hvern hóp kr. 7 470,00.
 Ársfjórðungsgjald fyrir hvern hóp kr. 1 587,00.
 Skráningargjald er kr. 778,00 sem greiðist í hvert sinn sem nýtt númer tengist inn í hópinn eða önnur breyting er gerð á tengingum við hann.
 - 4.2.6. Merkjiasending milli notenda.

Ekkert stofngjald er tekið en ársfjórðungsgjald er kr. 190,00.

5. Skammtímatenging.

Tenging í allt að 3 mánuði:

Grunntenging	kr. 15 780,00
Stofntenging	kr. 157 800,00
Tenging með beinu innvali	kr. 180 743,00
Tenging í allt að 6 mánuði:	
Grunntenging	kr. 31 561,00
Stofntenging	kr. 315 610,00
Tenging með beinu innvali	kr. 361 486,00

Uppsetningarkostnaður er ekki innifalinn.

Fyrir allt umfram 6 mánuði skal greiða 1/1 stofngjald kr. 21 375,00 fyrir grunntengingu og kr. 213 750,00 fyrir stofntengingu auk afnotagjalda.

Tengingargjald skal greitt við úthlutun. Þegar um er að ræða tengingu með beinu innvali eru engin skref innifalinn.

Ef skammtímanotandi gerist fastur notandi þá skal hann greiða 2/3 af stofngjaldi ef hann var með tengingu í 3 mánuði en 1/3 af stofngjaldi ef hann var með tengingu í 6 mánuði. Þetta gildir þó aðeins á þeim stöðum sem samnetsmöguleiki er fyrir hendi. Annars greiðist fullt stofngjald.

IV. KAFLI Talhólf, faxhólf.

Talhólf er geymsla fyrir töluð skilaboð og faxhólf er geymsla fyrir faxsendingar. Hólfinu fylgir sérstakt símanúmer, með því að hringja beint í hólfið er hægt að leggja inn skilaboð eða fax og einnig er hægt að vísa farsíma og síma í stafræna símakerfinu yfir í hólfið og koma þannig sendingu í hólfið. Kerfið getur hringt í fyrirfram ákveðið símanúmer eða boðtækisnúmer og látið vita af innkomnum skilaboðum eða faxi.

1. Stofngjald.

- 1.1. Stofngjald fyrir talhólf er kr. 623,00.
- 1.2. Stofngjald fyrir faxhólf er kr. 1 494,00.
- 1.3. Ef talhólfsnotandi gerist notandi að faxhólfi greiðist mismunur á stofngjaldi.

2. Afnotagjald.

- 2.1. Fast afnotagjald á ársfjórðungi fyrir talhólf er kr. 374,00.
- 2.2. Fast afnotagjald á ársfjórðungi fyrir faxhólf er kr. 996,00.
- 2.3. Fyrir hringingu í tal- eða faxhólf úr almenna símakerfinu greiðir sá sem hringir kr. 3,32 við svar og síðan kr. 3,32 á mínútu. Ef hringt er í hólf úr farsíma greiðist notkunargjald frá viðkomandi farsíma. Sama gjald greiðist hvort sem verið er að lesa inn skilaboð eða hlusta á þau.

Þegar kerfið hringir í fyrirfram ákveðið símanúmer til að láta vita af skilaboðum greiðir réttthafi hólfsins samsvarandi gjald, þ.e. kr. 3,32 við svar og síðan kr. 3,32 á mínútu ef hringt er í númer í almenna símakerfinu. GSM-notkunargjald ef hringt er í GSM-farsímakerfið og NMT-notkunargjald ef hringt er í NMT-farsímakerfið.

Ef notandi í almenna símakerfinu vísar innkomnu símtali eða faxsendingu yfir í hólf greiðir réttthafi símans kr. 3,32 við svar og síðan kr. 3,32 á mínútu fyrir öll skilaboð. Notandi farsíma í GSM-farsímakerfinu eða NMT-farsímakerfinu greiðir ekkert gjald fyrir skilaboð sem vísað er í hólf.

V. KAFLI

Telexþjónusta.

1. Stofngjald.

Stofngjald greiðist fyrirfram, áður en tengt er, og afnotagjöld ber að greiða ársfjórðungslega fyrirfram, og eru gjalddagar hinir sömu og fyrir afnotagjald af síma.

	Kr.
1.1. Númer í telexstöð	19 036,00
1.2. Bæjarlína.....	4 756,00
1.3. Viðtökugjald fyrir telexnúmer	4 600,00
1.4. Flutningsgjald fyrir telexnúmer	9 518,00
1.5. Breyting á telexheiti	2 446,00

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

	Kr.
2.1. Númer í telexstöð	2 646,00
2.2. Bæjarlína.....	797,00

3. Gjald fyrir telexritanir.

- 3.1. Telexritanir innanlands greiðast með kr. 3,22 fyrir hvert teljaraskref, og samsvarar það kr. 8,07 á mínútu.
- 3.2. Gjald fyrir telexritanir til útlanda ákvarðast af alþjóðasamþykktum og milliríkja-samningum og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

VI. KAFLI

Símskeyta- og símatelexgjöld.

1. Gjald fyrir símskeyti innanlands.

- 1.1. Venjulegt símskeyti: Grunnjald kr. 82,00 og kr. 4,48 fyrir hvert orð: Lágmarks-orðafjöldi 7 orð.
- 1.2. Hraðskeyti: Tvöfalt venjulegt skeytagjald auk hraðboðagjalds kr. 311,00 og gjald fyrir afhendingarkvittun kr. 30,00.
- 1.3. Veðurskeyti: Kr. 36,00 fyrir hvert skeyti.
- 1.4. Heillaskeyti: Venjulegt skeytagjald auk kr. 96,00 fyrir heillaskeytiseyðublaðið og hálf t hraðboðagjald kr. 156,00.
- 1.5. Samúðarskeyti: Grunnjald kr. 82,00 og hálf t hraðboðagjald kr. 156,00. Sendanda er í sjálfsvald sett hve mikið hann gefur, og rennur sú upphæð óskert í Landspítala-sjóð.
- 1.6. Afhending símskeyta.
 - 1.6.1. Venjulegt símskeyti. Hringt er í viðtakanda og texti skeytisins lesinn. Skeytið er síðan póstlagt. Viðtakandi getur sótt skeytið til ákvörðunarsímstöðvar ef hann óskar þess.
 - 1.6.2. Hraðskeyti: Texti skeytis sendur símleiðis til viðtakanda samstundis eða samkvæmt forgangsrétti. Leitast skal við að hafa upp á viðtakanda sem fyrst til afhendingar skeytisins.
 - 1.6.3. Heillaskeyti: Heillaskeyti er borið út samdægurs eða svo fljótt sem verða má.
 - 1.6.4. Samúðarskeyti. Samúðarskeyti er borið út samdægurs eða svo fljótt sem verða má.
- 1.7. Hraðafhending símskeyta. Óski sendandi eða viðtakandi venjulegs skeytis afhendingar samdægurs, mun það verða sent gegn hraðboðagjaldi, kr. 311,00. Óski sendandi, að skeyti sé afhent gegn kvittun, er gjald fyrir það kr. 30,00 að auki.
- 1.8. Fyrirfram greitt svar (RP): Ef sendandi óskar að greiða gjald fyrir svarskeyti, skal skrifa RP fyrir framan nafnkveðjuna og tiltaka jafnframt orðafjöldu svarskeytisins. RP 10 þýðir, að svar sé greitt fyrir 10 orða skeyti.

2. Gjald fyrir símskeyti til útlanda.

Gjöld fyrir símskeyti til útlanda eru ákveðin af alþjóðasamþykktum og milliríkja-samningum, og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

3. Gjald fyrir skeytaafgreiðslu við skip og báta.

- 3.1. Almenn loftskæyti.
 - 3.1.1. Gjald fyrir loftskæyti til og frá íslenskum skipum um íslenskar strandarstöðvar, ef afhendingar- eða ákvörðunarstöð skæytis er á Íslandi, er þannig reiknuð:
 - a. Grunnjald fyrir hvert skæyti kr. 82,00.
 - b. Línugjald kr. 4,48 á hvert orð.
 - c. Strandargjald kr. 5,04 hvert orð.
 - d. Skipsgjald, ef skipið tekur slíkt gjald.
 - e. Gjald fyrir aukapjónustu að beiðni sendanda. Minnsta gjald er hið sama og fyrir 7 orð.
- 3.2. Sérstök loftskæyti.
 - 3.2.1. Gjald fyrir veðurskæyti frá veðurathugunarstöðvum og ísl. skipum til Veðurstofu Íslands um strandarstöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar er kr. 36,00 að viðbættu hálfu strandargjaldi fyrir 10 orð eða kr. 25,21.

- 3.2.2. Gjöld fyrir önnur loftskæpti og aukabjónustu eru í samræmi við 1. og 2. grein þessa kafla.
- 3.3. Gjöld erlendra skipa eru samkvæmt alþjóðagjaldskrá.

4. Símatelex.

- 4.1. Gjald fyrir sendingu.
- 4.1.1. Grunnjald fyrir hvert sent telex kr. 187,00.
- 4.1.2. Afgreiðslugjald fyrir hverja byrjaða mínútu í sendingu telex frá kl. 8:00 til 21:00 er kr. 93,38.
- 4.1.3. Mínútgjald er gildandi telexgjald til hvers lands, tekið fyrir hverja byrjaða mínútu.
- 4.2. Gjald fyrir móttöku.
- 4.2.1. Símnafni á ári kr. 822,00.
- 4.2.2. Ársfjórðungsgjald fyrir áskrift að símatelex kr. 791,00.
- 4.2.3. Afgreiðslugjald pr. telex (úthringing skv. reglum og póstsending) kr. 187,00.

5. Skrásetning símnafna.

Fyrir skrásetningu símnafna greiðast kr. 822,00 á ári. Sé sama símnafni skrásett á fleiri en 10 símstöðvum, greiðast þó aðeins kr. 187,00 fyrir hverja skráningu þar fram yfir. Gjaldið greiðist fyrirfram fyrir almanaksárið. Brot úr ári telst sem heilt ár. Uppsagnarfræstur er 3 mánuðir og er hann gagnkvæmur.

VII. KAFLI

Sambönd.

Póst- og símamálastofnun starfrækir almenna fjarskiptabjónustu um land allt. Stofnunin leigir út línur til þess að auðvelda notendum aðgang að hinu almenna fjarskiptaneti, en að auki línur til að mæta sérþörfum: Gerður er greinarmunur á langlínunum og notendalínunum. Langlínur teljast þær línur, sem tengja saman símstöðvar eða notendur, sem venjulega mundu tengjast mismunandi símstöðvum. Notendalínur tengja notendur við næstu símstöð eða við langlínu. Á gjaldsvæði Reykjavíkur og nágrennis eru línur milli stöðva, sem leigðar eru út, gjaldfærðar sem notendalínur. Ef völ er á bæði langlínu og notendalínu fyrir tiltekið leigusamband ákveður Póst- og símamálastofnun hvora tegundina skuli nota. Hliðrænar leigulínur má ekki nota án sérstakrar heimildar fyrir hærri tíðni en 4 Khz. Undanþeginn þessu ákvæði er gagnflutningur með grunnbandsmótöldum fyrir hraða allt að 19,2 Kb/s. en slík sambönd skulu takmarkast við svæði einnar sjálfvirkrar símstöðvar.

Gjaldafyrirkomulag fyrir leigulínur.

Gjaldið skiptist í stofngjald og afnotagjald. Það er reiknað milli endapunkta í samræmi við þá leið, sem línan fer um í fjarskiptakerfinu og er heildargjaldið summa langlínugjalds og notendagjalds eftir því sem við á. Skemmstur leigutími er almennt 6 mánuðir, en að öðru leyti gagnkvæmur uppsagnarfræstur 3 mánuðir talið frá næstu mánaðamótum eftir uppsögn. Gjald fyrir línu, sem leigð er til skemmri tíma en 6 mánaða, er reiknað samkvæmt 3. grein.

Mismunandi gjald er tekið fyrir leigulínur eftir því hver flutningsgeta þeirra er. Línur fyrir tal greinast í línur milli einkabúnaðar sama notanda á mismunandi stöðum án tengingar við miðstöð og línur, sem tengja einkabúnað notanda símanúmeri í miðstöð eða einkasímstöð á öðru gjaldsvæði.

Línur milli einkasímstöðva, sem tengjast hinu almenna símakerfi, reiknast sem þverlínur. Dagskrárlínur eru leigðar ýmist sem grunnlínur, þegar um mjög stuttar

fjarlægðir er að ræða eða sem stafrænar flutningslínur. Fyrir stafrænar línur í notendakerfum er reiknað fast gjald auk km-gjalds.

1. Stofngjald.

- 1.1. Fyrir notendalínur greiðist stofngjald, sem er áttfalt ársfjórðungsgjald fyrir línuna samkvæmt þeirri gjaldskrá sem gildir þegar línun er tekin á leigu, að frádregnum þeim hluta gjaldsins, sem er óháður línulengd í liðum 2.1.3. til 2.1.7. og 2.1.9. til 2.1.11.
- 1.2. Fyrir langlínur ákveðst stofngjald af Póst- og símamálastofnun hverju sinni.

2. Afnotagjald.

- 2.1. Fast afnotagjald á ársfjórðungi fyrir notendalínur er sem hér segir. Línulengdir reiknast í hálfum km þrepum, en lágmarksgjald línu eða línuhluta er 2 km, nema annað sé tekið fram.

	Gjald fyrir hvern km	
	2ja víra kr.	4ra víra kr.
2.1.1. Tallína	928,00	1 482,00
2.1.2. Lína fyrir gagnasendingar. Mesti hraði 19,2 Kb/s.	1 164,00	1 868,00
2.1.3. Lína fyrir gagnasendingar. Hraði 48-64 Kb/s. Gjald fyrir hvern enda, mótað innifalið		11 000,00
		2 054,00
2.1.4. Lína fyrir gagnasendingar. Hraði 128 Kb/s. Gjald fyrir hvern enda, mótað innifalið		13 204,00
		2 474,00
2.1.5. Lína fyrir gagnasendingar. Hraði 256 Kb/s. Gjald fyrir hvern enda, mótað innifalið		16 500,00
		3 390,00
2.1.6. Lína fyrir gagnasendingar. Hraði 512 Kb/s. Gjald fyrir hvern enda, mótað innifalið		19 799,00
		4 109,00
2.1.7. Lína fyrir gagnasendingar. Hraði 2 Mb/s. Gjald fyrir hvern enda		38 499,00
		8 217,00
		14 915,00
2.1.8. Dagskrárlína fyrir hljóðvarp á stuttri grunnlínu	3 816,00	4 277,00
2.1.9. Stafræn dagskrárlína fyrir mónó hljóðvarp. Óháð lengd kr. 63 694,00 og að auki fyrir hvern km.		1 276,00
2.1.10. Stafræn dagskrárlína fyrir stereó hljóðvarp. Óháð lengd kr. 106 149,00 og að auki fyrir hvern km.		2 123,00

2.1.11. Lína fyrir sjónvarp, (ein mónó hljóðrás innifalin):

Gjald fyrir hvern enda, 140 Mb/s.	103 528,00
Gjald fyrir hvern enda, 70 Mb/s.	62 113,00
Gjald fyrir hvern km.	4 803,00
Viðbótargjald fyrir mónó hljóðvarp:	
Gjald fyrir hvern enda, sendiendi	4 498,00
Gjald fyrir hvern enda, móttökuendi	1 795,00
Gjald fyrir hvern km.	351,00
Viðbótargjald fyrir stereó hljóðvarp:	
Gjald fyrir hvern enda, sendiendi	6 027,00
Gjald fyrir hvern enda, móttökuendi	2 993,00
Gjald fyrir hvern km.	410,00

Ofangreind viðbótargjöld fyrir hljóðvarp gilda aðeins ef það er sent með sjónvarpsrás, með sömu enda- og úttaksstöðum, og pantað er á sama tíma af sama aðila.

2.1.12. Fjarstýringarlína 928,00 1 482,00

2.1.13. Ritsímalína í tónritsíma 479,00

2.1.14. Gjald fyrir fjarstýringu eða fjarvísun á línu, sem einnig er notuð fyrir tal, skal vera 25% af því, sem reiknað er samkvæmt 2.1.12. Þegar um er að ræða kerfi með mörgum línnum innan sama stöðvarsvæðis skal reikna gjaldið eftir meðallínulengd sem telst vera 2 km.

2.1.15. Ritsímalína, sem ekki er flutt á tónritsíma, reiknast sem tallína.

2.2. Langlínukerfi. Ársfjórðungsgjald fyrir langlínur er sem hér segir:

2.2.1. Tallína milli einkabúnaðar notanda á milli svæða, án tengingar við miðstöð. Fjarlægðin er reiknuð eins og leið liggur í símkerfinu milli endapunkta á viðkomandi símstöð. Auk þess er tekið gjald fyrir línur í símakerfinu milli endapunkta á viðkomandi símstöð. Auk þess er tekið gjald fyrir línur í einkasímstöð á öðru gjaldsvæði.

Kr.

Gjald fyrir hvern enda, eða úttak 28 100,00

Gjald fyrir hvern km. 293,00

2.2.2. Gjald fyrir línu, sem tengir einkasímabúnað notanda símanúmeri í miðstöð eða einkasímstöð á öðru gjaldsvæði, er reiknað samkvæmt 2.2.1. en að auki reiknast langlínugjald, sem samvarar 7500 mínútum á ársfjórðungi á því gjaldi, sem gildir fyrir sjálfvirkt val að degi til milli viðkomandi gjaldsvæða eða innan gjaldsvæðis. Þetta er til viðbótar afnotagjaldi, sem greiða skal fyrir síma skv. I. kafla.

2.2.3. Fyrir línur fyrir gagnasendingar er gjaldið reiknað eins og í 2.2.1., en með margföldunarstuðli, sem ákveðst af hraða sendingar:

Flokkur	Hraði (bit/s)	Stuðull
A1	0-4800	1,10
A2	4801-9600	1,21
A3	9601-19200	1,43
A4	48000-64000	1,76
A5	128 kb/s	2,64
A6	256 kb/s	4,93
A7	512 kb/s	7,04
A8	1024 kb/s	8,80
A9	2048 kb/s	10,56

2.2.4. Fyrir ritsímalínur í tónritsímakerfum er gjaldið reiknað eins og í 2.2.1., en með margföldunarstuðli, sem ákveðst af hraða sendingar:

Flokkur	Hraði (Baud)	Stuðull
B1	50	0,22
B2	75	0,22
B3	100	0,24
B4	300	0,33

Ef óskað er eftir ritsímalínu á leið þar sem ekki er tónritsímakerfi, fær notandi talínu til afnota og er þá reiknað með margfeldisstuðli jafnt og 1.

2.2.5. Gjald fyrir fjarstýringarlínur er hið sama og fyrir tallínur, ef heil lína er tekin undir fjarstýringuna. Ef fjarstýring getur, án þess að valda truflunum, farið fram á línu, sem notuð er fyrir tal skal gjaldið vera 25% af því, sem reiknað er samkvæmt 2.2.1.

2.2.6. Gjald fyrir dagskrárlínur fyrir hljóðvarp er reiknað eins og í 2.2.1. en með margföldunarstuðli eftir bandbreidd:

Flokkur	Bandbreidd (KHz)	Stuðull
C1	3	1,0
C2	15	1,4
C3	2x15	2,8

2.2.7. Lína fyrir sjónvarp, 70 Mb/s, (ein mónó hljóðrás innifalin):

	Kr.
Gjald fyrir hvern enda	62 113,00
Gjald pr. km.	4 803,00
Viðbótargjald fyrir mónó hljóðvarp:	
Gjald fyrir hvern enda, sendiendi	4 498,00
Gjald fyrir hvern enda, móttökuendi	1 795,00
Gjald fyrir hvern km.....	351,00
Viðbótargjald fyrir stereó hljóðvarp:	
Gjald fyrir hvern enda, sendiendi	6 027,00
Gjald fyrir hvern enda, móttökuendi	2 993,00
Gjald fyrir hvern km.....	410,00
Ofangreind viðbótargjöld fyrir hljóðvarp gilda aðeins ef það er sent með sjónvarpsrás, með sömu enda- og úttaksstöðum, og þantað er á sama tíma af sama aðila.	

2.2.8. Lína fyrir sjónvarp, 140 Mb/s, (ein mónó hljóðrás innifalin):

	Kr.
Gjald fyrir hvern enda	103 528,00
Gjald pr. km.	4 803,00
Viðbótargjald fyrir mónó hljóðvarp:	
Gjald fyrir hvern enda, sendiendi	14 290,00
Gjald fyrir hvern enda, móttökuendi	9 697,00
Gjald fyrir hvern km.....	351,00
Viðbótargjald fyrir stereó hljóðvarp:	
Gjald fyrir hvern enda, sendiendi	28 146,00
Gjald fyrir hvern enda, móttökuendi	14 412,00
Gjald fyrir hvern km.....	410,00
Ofangreind viðbótargjöld fyrir hljóðvarp gilda aðeins ef það er sent með sjónvarpsrás, með sömu enda- og úttaksstöðum, og þantað er á sama tíma af sama aðila.	

- 2.3. Gjald fyrir línur til annarrar notkunar en getið er hér að framan ákvarðast af Póst- og símamálastofnun hverju sinni.

3. Leigur í stuttan tíma.

- 3.1. Eftirfarandi gjöld eru tekin fyrir línur, sem leigðar eru í stuttan tíma, þ.e.a.s. í minna en 6 mánuði. Leigutími skal tilgreindur við pöntun. Stofngjald er ekki tekið fyrir þessar línur, nema í sérstökum tilvikum.

- 3.1.1. Fyrir línur eða línuhluta í notendakerfi er tekið gjald, sem er eitt ársfjórðungsgjald skv. 2.1. nema fyrir línur skv. 2.1.9., 2.1.10. og 2.1.11. Lágmarksgjaldið innifelur allt að 5 sólarhringa notkun. Fyrir línur skv. 2.1.9. og 2.1.10. greiðist fyrir fyrstu 5 sólarhringa 1/10 af ársfjórðungsgjaldi, þ.m.t. gjald óháð línulengd. Fyrir hvern byrjaðan sólarhring til viðbótar í allt að 10 sólarhringa greiðist fyrir allar línur nema skv. 2.1.11. 1/50 af ársfjórðungsgjaldi á sólarhring, en 1/60 af ársfjórðungsgjaldi á sólarhring umfram 10 sólarhringa.

Fyrir línur skv. 2.1.11. greiðist eftirfarandi:	Kr.
Tengigjald fyrir sjónvarp, (ein mónó hljóðrás innifalin)	16 478,00
Gjald pr. mínútu, 140 Mb/s.	271,00
Gjald pr. mínútu, 70 Mb/s.	162,00
Gjald pr. mínútu/10 km.	28,64
Gjald pr. mínútu/10 km, umfram 30 mínútur	14,32
Viðbótargjald fyrir mónó eða stereó hljóðvarp:	
Tengigjald fyrir hljóðrás	2 490,00
Gjald pr. mínútu	16,19
Gjald pr. mínútu/10 km.	2,86
Gjald pr. mínútu/10 km, umfram 30 mínútur	1,43
Ofangreint viðbótargjald fyrir hljóðvarp gildir aðeins ef það er sent með sjónvarpsrás, með sömu enda- og úttaksstöðum, og pantað er á sama tíma af sama aðila.	

- 3.1.2. Fyrir línur eða línuhluta í langlínukerfum er tekið lágmarksgjald, sem er 1/6 af ársfjórðungsgjaldi skv. 2.2., og innifelur fimm sólarhringa notkun. Fyrir hvern byrjaðan sólarhring til viðbótar, allt að 10 sólarhringum, greiðist 1/50 af ársfjórðungsgjaldi á sólarhring, en umfram 10 sólarhringa greiðist 1/60 af ársfjórðungsgjaldi á sólarhring.

Fyrir línur skv. 2.2.7. greiðist eftirfarandi:	Kr.
Tengigjald fyrir 70 Mb/s sjónvarp, (ein mónó hljóðrás innifalin)	16 478,00
Gjald pr. mínútu	162,00
Gjald pr. mínútu/10 km	28,64
Gjald pr. mínútu/10 km, umfram 30 mínútur	14,32
Viðbótargjald fyrir mónó eða stereó hljóðvarp:	
Tengigjald fyrir hljóðrás	2 490,00
Gjald pr. mínútu	16,19
Gjald pr. mínútu/10 km.	2,86
Gjald pr. mínútu/10 km, umfram 30 mínútur	1,43
Ofangreint viðbótargjald fyrir hljóðvarp gildir aðeins ef það er sent með sjónvarpsrás, með sömu enda- og úttaksstöðum, og pantað er á sama tíma af sama aðila.	

VIII. KAFLI

Símaskráin.

Póst- og símamálastofnunin gefur út símaskrá og fylgir hverju símanúmeri eitt eintak af hverri útgáfu hennar. Póst- og símamálastofnunin ber ekki ábyrgð á villum, sem kunna að vera í símaskránni.

Aukaeintök eru til sölu á póst- og símstöðvum.

1. Skrásetning í símaskrána.

Hver talsíma-, fax-, farsíma- eða boðtækisnotandi fær nafn sitt eða heiti, starfstítil og heimilisfang skráð án sérstaks gjalds í einni línu í símaskránni fyrir hvert númer. Sé auk aðalsímnotanda einn eða fleiri aukanotendur að sama síma ber að greiða kr. 436,00 fyrir hvern aukanotanda. Aukasímnotandi getur ekki öðlast sama rétt og aðalsímnotandi, t.d. rétt til að fá símann fluttan eða breyta skráningu án þess að greiða uppsetningargjald fyrir númerið að nýju eða viðtökugjald. Breytir engu þótt aukasímnotandi hafi um lengri eða skemmri tíma haft nafn sitt í símaskránni eða greitt viðkomandi aukagjald.

Póst- og símamálastofnun ákveður tilhögun símaskrárinnar og áskilur sér rétt til að synja um upptöku starfsheita, sem hún telur óeðlileg eða vafasamt, að hlutaðeigandi hafi rétt til að bera.

Skrá má aukanöfn á númer annað hvort í réttri stafrófsröð eða sem aukalínu undir aðalsímnotanda.

Aukalínur undir fyrirtækjaheitum með eftirfarandi upplýsingum gjaldfærast samkvæmt lið 1.3.

- a) opnunartími fyrirtækis, ein lína
- b) tilkynning um að samband sé frá skiptiborði við deildir, ein lína
- c) tilkynning um beint innval
- d) sérgrein fyrirtækis í einni línu
- e) heimilisnúmer starfsmanna
- f) tilvísun í aðra skráningu í einni línu
- g) eftirlökun skiptiborðs, ein lína

Fyrir aðrar aukalínur greiðist samkvæmt lið 1.4.

	Kr.
1.1. Breytt letur í skrá, hver lína	436,00
1.2. Aukanafn í skrá, hver sjálfstæð lína eða aukalína og aukaheiti fyrirtækis í stafrófsröð eða sem aukalína, hver lína	436,00
1.3. Aukalínur undir nöfnum einstaklinga og aukalínur undir nöfnum fyrirtækja í samræmi við liði a-g að framan, hver lína	255,00
1.4. Aukalínur undir nöfnum fyrirtækja sem ekki samræmist liðum a-g að framan og línur umfram eina í þeim tilfellum þar sem einnar línu hámark er sett í liðum a-g, hver lína	872,00

2. Skráning í gulu síðurnar.

Hver símnotandi, sem greiðir atvinnu- eða verslunarsímagjald, á rétt á að fá án endurgjalds eina skráningu í einn vöru- eða þjónustuflokk í gulu síðunum. Ef símnotandi vill skrá sig í fleiri en einn flokk greiðast kr. 224,00 fyrir hvern flokk umfram hinn fyrsta. Sama gjald gildir fyrir fleiri en eina skráningu í sama flokk.

3. Auglýsingar í símaskrá.

Póst- og símamálastofnun er heimilt að birta auglýsingar í símaskránni samkvæmt nánari ákvörðun hverju sinni.

IX. KAFLI

Þjónusta um radióstöðvar.

1. Viðskiptagjöld.

- 1.1. Símtöl við skip og báta.
Sjá kafla II. 4. hér að framan.
- 1.2. Skeytaafgreiðsla við skip og báta.
Sjá kafla VI. 3. hér að framan.
- 1.3. Viðskiptagjöld vegna radióstöðva í verstöðvum. Vegna radióstöðva, sem komið er upp í verstöðvum á vegum samtaka útvegsmanna á viðkomandi stað, skal greiða eftirfarandi gjöld.

	Kr.
Fyrir 1-5 báta	193,00
Fyrir 6-15 báta	355,00
Fyrir 16-30 báta	504,00
Fyrir 31 bát og fleiri	672,00

Ef um leigutalstöð er að ræða, greiðast að auki venjuleg leigugjöld samkvæmt verðskrá.

- 1.4. Vegna metrabylgjustöðva, sem komið er upp á stöðum þar sem Póst- og símamálastofnunin veitir ekki strandarstöðvarþjónustu á metrabylgjurásum, skal greiða daggjald kr. 355,00 enda sé eingöngu um að ræða viðskipti, er lúta að rekstri fiskiskipa og veiðum.
- 1.5. Viðskiptagjöld landfarstöðva.
 - 1.5.1. Ársfjórðungslegt afnotagjald landfarstöðva, sem nota rásir á millibylgju, kr. 672,00.
 - 1.5.2. Afgreiðslugjald fyrir hvert símtal afgreitt eða skilaboð send (fyrir símtöl eða skilaboð afgreidd frá afgreiðslustöð í landfarstöðvarþjónustunni til annars gjaldsvæðis í síma-kerfinu, en hún er í, greiðist línugjald skv. gjaldskrá) kr. 96,00.

2. Skyldutilkynningar skipa.

Öll íslensk skip, sem eru tilkynningaskyld samkvæmt lögum frá 17. maí 1968 og gildandi reglugerð þar að lútandi, greiði ársfjórðungsgjald fyrir flutning skyldutilkynningar um fjarskiptakerfið.

Gjaldið skal vera svo sem hér segir:

	Kr.
Fyrir skip undir 15 rúmlestum brúttó	355,00
Fyrir skip 15 að 50 rúmlestum brúttó	529,00
Fyrir skip 50 að 100 rúmlestum brúttó	703,00
Fyrir skip 100 rúmlestir brúttó og yfir.....	965,00

Gjald þetta er óviðkomandi öðrum viðskiptagjöldum vegna viðskipta skipa um strandarstöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar, og skal það greitt fyrirfram ársfjórðungslega.

Oheimilt er að hagnýta upplýsingar þær, er fást með skyldutilkynningunum, til annarra nota en öryggisgæslu vegna skipa og áhafna.

X. KAFLI

1. Almennir skilmálar.

- 1.1. Sá, sem óskar að fá talsíma eða breytingar á þjónustu, er hann hefur áður fengið, sendi um það skriflega umsókn. Þar til gerð eyðublöð eru í símaskránni og á afgreiðslustöðum og skal umsækjandi tilgreina fullt nafn, kennitölu og heimilisfang.
- 1.2. Símasambandi er venjulega ekki komið á við nokkra húseign, nema húseigandi leyfi endurgjaldslaust að koma fyrir strengjum og öðrum símabúnaði í húsi og á lóð, og ber þeim, er pantar sambandið, að sjá um, að slíkt leyfi húseiganda fáiast. Krefjast má þess, að talsímanotendur setji tryggingu fyrir greiðslu allra gjalda fyrir afnot símans.
- 1.3. Póst- og símamálastofnunin ákveður, við hvaða stöð símabúnaður skuli tengjast, númer hans og nánara fyrirkomulag og getur síðan breytt um númer, ef það telst nauðsynlegt.
- 1.4. Ekki er heimilt að gera eða láta gera breytingar á símalögnum í eigu Póst- og símamálastofnunarinnar nema með heimild hennar. Öll slík verk framkvæmir stofnunin eftir beiðni en notandi greiðir það gjald, sem ákveðið er. Starfsmenn stofnunarinnar, hafa hvenær sem er aðgang að öllum símatækjum og símalögnum.
- 1.5. Talsímanotendum er skylt að fara vel og gætilega með allan símabúnað í eigu Póst- og símamálastofnunarinnar er þeir hafa til afnota, og eru þeir bótaskyldir á öllu því, sem aflaga fer og ekki stafar af eðlilegu slit, svo og öllu því, er glatast úr þeirra vörslu í þessum efnum.
Óheimilt er að tengja notendabúnað við kerfi Póst- og símamálastofnunarinnar nema að hann sé samþykktur af Fjarskiptaeftirliti ríkisins.
- 1.6. Verði bilun í símakerfinu ber notanda þegar í stað að tilkynna það til viðkomandi símstöðvar. Póst og símamálastofnunin ber ekki ábyrgð á því, þótt sími verði ónothæfur um stund. Verði óþarfur dráttur af hálfu Póst- og símamálastofnunarinnar á viðgerð síma má krefjast endurgreiðslu á afnotagjaldinu í hlutfalli við þann tíma, er síminn er ónothæfur, ef sambandsslitin eru meira en 10 sólarhringar á ári.
- 1.7. Póst- og símamálastofnunin tekur ekki á sig neina ábyrgð á afleiðingum þess, ef mistök kunna að eiga sér stað við afgreiðslu símskeyta eða símtala, hvort sem þau eru af völdum starfsmanna, línubilana eða af öðrum orsökum.
- 1.8. Enginn talsímanotandi má lána, leigja eða selja öðrum föst afnot talsímakerfisins nema með leyfi Póst- og símamálastofnunarinnar.
- 1.9. Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að synja þeim um síma eða loka símanúmerum þeirra um stundarsakir eða að fullu, sem eftir athugun og að dómi hennar hafa verulega slæm áhrif á afgreiðslu sjálfvirka símkerfisins, eða ef sími þeirra er misnotaður, svo sem með endurteknum gabbhringingum eða öðrum truflunum.
- 1.10. Sé lína einhvers notanda óhæfilega oft á tali að dómi Póst- og símamálastofnunarinnar, getur stofnunin krafist þess, að notandinn fallist á lagfæringar.
- 1.11. Þeir, sem af ásettu ráði eða vítaverðu gáleysi valda skemmdum á símabúnaði og símakerfum í eigu stofnunarinnar hafa fyrirgert rétti sínum til símans og sæta sektum samkvæmt 176. gr. hegningarlaganna, nema verknaðinum sé þannig farið, að þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

2. Greiðsluskilmálar.

- 2.1. Skráður réttihafi síma ber alla ábyrgð á greiðslum til Póst- og símamálastofnunarinnar vegna notkunar á símabúnaði hans.
- 2.2. Gjaldldagi fyrir síma-, radió- og önnur fjarskiptagjöld er fyrsti hvers mánaðar. Póst- og símamálastofnun skal sjá svo um að reikningar séu sendir notendum með góðum

- fyrirvara.
- 2.3. Eindagi gjaldanna er 15 dögum eftir gjalddagann. Falli gjöldin í eindaga, ber notanda að greiða dráttarvexti af gjaldskuldinni frá gjalddaga til greiðsludags í samræmi við ákvæði III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari fylgir lögtaksréttur sbr. 9. gr. fjarskiptalaga nr. 73/1984 og 1. grein 3. töluliðar lögtakslaga nr. 29/1885.
 - 2.4. Frá 15. næsta mánaðar eftir gjalddagann, er heimilt að beita útilokun símasambanda gagnvart þeim notendum, sem skulda vangreidd gjöld, krónur 1 000,00 eða meira, þar til þeir hafa greitt skuld sína að fullu. Innheimt verður gjald, krónur 212,00, fyrir enduropnun símasambands.
 - 2.5. Ef ætla má vegna framkominna atvika að notandi geti ekki greitt gjaldskuldir sínar á gjalddaga þeirra, er heimilt að beita útilokun símasambanda fyrirvaralaust, nema notandi setji fullnægjandi tryggingu fyrir gjaldskuldinni og væntanlegri notkun á yfirstandandi afnotatímabili.

3. Uppsögn.

Segja má símasambandi upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, nema þar sem önnur ákvæði gilda, og skal uppsögn verða skrifleg.

XI. KAFLI

Gjaldskrá þessi og reglur eru settar samkvæmt 9. gr. laga nr. 73 frá 1984 um fjarskipti með áorðnum breytingum samkvæmt 5. gr. laga nr. 32 frá 1993 svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála með áorðnum breytingum samkvæmt 8. gr. laga nr. 34 frá 1987 og gengur í gildi 1. júní 1996. Reiknast nýju gjöldin fyrir notkun, sem fram fer 1. júní 1996 eða síðar. Jafnframt falla þá úr gildi gjaldskrár og reglur nr. 430 25. júlí 1995 ásamt auglýsingum nr. 530 12. september 1995, 615 20. nóvember 1995 og 663 22. desember 1995.

Samgönguráðuneytinu, 24. maí 1996.

Halldór Blöndal.

Jón Birgir Jónsson.

GJALDSKRÁ

Veitustofnana Hveragerðis.

B-hluti.

1. gr.

Almennt.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir veitusvæði Veitustofnana Hveragerðis (VSH). Gjaldskráin tekur til afhendingar og sölu rafmagns, heits vatns og jarðgufu sbr. reglugerð fyrir VSH nr. 276/1994.

Gjaldskráin skiptist í tvo hluta:

A-HLUTA sem fjallar um almenna skilmála fyrir afhendingu raforku, heits vatns og jarðgufu á veitusvæði VSH. Í þessum hluta er einnig skilgreining á raforkutöxtum, hitaveitutöxtum, heimtauga- og heimæðagjöldum, mælaleigu, tengigjaldi og innheimtugjaldi auk annarra ákvæða.